

Verslunarmannafélag Rangárvallasýslu
Króktúni 12
860 HVOLSVÖLLUR

Alþingi
Erindi nr. 120 / 1505
komudagur 17/4 1996

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v. Templarasund
150 REYKJAVÍK

EFNI: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeildur, með síðari breytingum.


Óskað hefur verið umsagnar Verslunarmannafélags Rangárvallasýslu um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfinni.

Stjórn Verslunarmannafélags Rangárvallasýslu fjallaði um frumvarpið á fundi sínum 9. apríl s.l. og fylgir svar hér á eftir:

Stjórn Verslunarmannafélags Rangárvallasýslu lýsir yfir furðu sinni á frumvarpi um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeildur, sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Stjórnin telur að frumvarpið feli í sér alvarlega íhlutun í innri mál stéttarfélaganna og að þar sé vegið að lýðræðislegum rétti launafólks til að hafa áhrif á eigin mál með frjálsum samningum, grundvallarbreytingar eru gerðar á verkfallsheimildinni og sáttasemjara fært mjög aukið vald.

Stjórn Verslunarmannafélags Rangárvallasýslu krefst þess að frumvarpið verði tafarlaust dregið til baka.

Hvolsvelli, 15. apríl 1996.
fh. Verslunarmannafélags Rangárvallasýslu


Benedikta Sigr. Steingrimsdóttir, formaður